

um frumvarp til laga um landsbókasafn og landsskjalasafn Íslands.

Frá mentamálanefnd.

Frumvarp þetta er að stefnuni til sama efnis sem frumvarp það, er millipinganefndin í launamálinu frá 1914 samdi um »landsbókasafn og landsskjalasafn Íslands«, og fer í þá átt, að sami sje yfirmaður beggja safnanna (sjá skýrslu nefndarinnar bls. 272). Í athugasemdum við stjórnarfrumvarpið er og tekin upp rökstuðning millipinganefndarinnar, og eru þau ein rök tilfærð á báðum stöðunum, að »fjársparnaður nokkur« verði að sameiningunni, og getur millipinganefndin þess enn fremur, að hún sjái ekki, að nein ástæða sje til að tvískifta þessu starfi framvegis, með því að sami maður muni geta haft hvorutveggja störfín á hendi, svo að í lagi verði. (Skýrsla nefndarinnar bls. 218).

Í þessu máli koma tvö atriði til greina, sem mestu verða að ráða um það, hvort rjett sje að frumvarp þetta verði að lögum eða ekki.

1. Hvort heppilegt muni vera safnanna vegna að fela forstöðu þeirra sama manni.
2. Hvort nokkur fjársparnaður verði að þeirri ráðabreytni.

Um 1.

Þetta atriði skiftir mestu og jafnvel öllu máli um það, hvort rjett sje að gera frumvarpið að lögum eða ekki.

Þess skal þegar getið, að með lögum nr. 56, 22. nóvember 1907, var skipað fyrir um stjórn landsbókasafnsins, og með lögum nr. 39, 3. nóv. 1915, um þjóðskjalasafnið, og er ekki kunnugt, að löggjafarvaldinu hafi þá komið til hugar að sameina söfnu þessi undir stjórn sama manns. Hitt er eftirtektarvert, að siðarnefndu lögin eru einmitt seit meðan millipinganefndin sat að störfum sínum. Er því fjarri, að löggjafarvaldið hafi þá veitt nefndinni nokkurt tilefni til að ætla, að það væri þess vilji, að slík breyting yrði gerð.

Það sjest ekki, að millipinganefnd hafi leitað álits þeirra manna, er kunnast mátti vera um það, hvort breyting sú á stjórn safnanna, er frumvarpið hefir að geyma, sje heppileg eða ekki. Mentamálanefnd þótti sjálfsagt og jafnvel óhjákvæmilegt að leita umsagna þeirra tveggja manna, er fyrir söfnum þessum standa, þjóðskjalavarðar og landsbókavarðar. Í áliti þjóðskjalavarðar segir meðal annars svo:

»En ástæður móti frumvarpi þessu sýnast mjer margar vera og miklar.

Í fyrsta lagi þarf alt aðra og ólíka þekking til hvors um sig, að vera skjalavörður og bókavörður, og hvort um sig er ærið viðfangsefni fyrir hvern mann, ef í lagi á að láta.

Bókasafni og skjalasafni er skipað hvoru um sig eftir alveg ólíkum reglum á margan hátt.

Skjalavörður þarf að þekkja frá grunnnum sögu þess lands eða þeirrar borgar, sem hann er skjalavörður fyrir, jafnvel oft í því smæsta.

Bókavörður þarf að hafa grundvallaða þekking á bókfræði síns eigin lands og svo almenna bókfræðapekkingu.

Góðan skjalavörð getur skort mikið til þess að vera hæfur. bókavörður, og einkum getur maður verið óhæfur skjalavörður, þó hann hafi góða, almenna bókfræðapekkingu og geti verið nýtur bókavörður.

Skjalasafn vort er nú orðið stórt og umfangsmikið, og vex unnvörpum og verður æ margbreyttara með nýjum stofnunum, nýjum atvinnuvegum og opinberum fyrirtækjum, svo að enginn sjer fyrir, hvar það nemur staðar. Það er að mörgu leyti orðið, og er að verða, svo sem eins margbrotið og skjalasöfn annara landa um flest borgaraleg efni, þótt löndin sju fólksfleiri. Og við það þarf alveg samskonar þekking sem við önnur slík skjalasöfn.

Í landsbókasafninu eru nú orðin um 100000 bindi. Það er því orðið eins margbrotið og bókasöfn upp á 500000 bindi, og þar þarf á allri sömu þekking að halda, sem við stærri og jafnvel stærstu bókasöfn.

Þó að mjer hafi á árabílinu 1899—1910, eftir hjerumbil 11 ára starf, tekið að mestu að safna saman í eina heild öllum eldri skjalasöfnum vorum og koma öllu skjalasafninu í það lag, að það sje nothæft í öllum greinum í öllum höfuðatriðum, eru þar enn mannsaldra verk óunnin, fjölmörgu að raða í því smáa, sem ekki vinst nema með löngum tíma, ótal margt að skrásetja einstakra skjala og skjalaflokka, sem nokkuð er að vísu byrjað á, enda aldrei þrot á því, sem vinna þarf við slík söfn á óteljandi hátt, ef vel skal vera.

Slíkt hið sama ætla jeg að og sje um landsbókasafnið. Jeg hugsa að þar sje enn ærið að starfa fyrir fleiri en einn eða tvo í langa tíma, á marga lund til skipulags safninu, skrásetningar og annars fleira.

Störf við bæði söfnin margfaldast að sama skapi sem söfnin sjálf margfaldast. Og á þjóðskjalasafninu hvílir sú skylda, að vaka altaf yfir því, að skilað sje ár eftir ár, mannsaldur eftir mannsaldur, úr öllu landinu, jafnóðum og fyrir fellur, skjölum og embættabókum, frá því smæsta til þess stærsta, samkvæmt laga-fyrirmælum.

Húsrúmsleysi fer þegar að þrengja að skjalasafninu, og landsbókasafnið er nú þegar svo þrotið að húsrúmi, að það hefir orðið að leigja húsrúm úti í bæ fyrir allmikið af bókum sínum. Það er því fyrirsjáanlegt, að annaðhvort safnið hlýtur með tímanum að flytjast úr safnahúsinu.

Ekkert af því, sem talið hefir nú verið, sýnist mjer mæla með því, að þessi tvö söfn sje sett undir yfirstjórn eins manns.

Reynsla um afskifti landsbókasafnsins af opinberum skjölum vorum, sú sem fengin er hingað til, sýnist mjer ekki heldur mæla með þessu frumvarpi. Skjalasafnið var stofnað á pappírnum með auglýsingu landshöfðingja 3. apríl 1882, og var ætlast til, að þangað söfnuðust embættaskjalasöfn landsins og að safn þetta skyldi vera undir umsjón ritara landshöfðingjans. Þetta eftirlit varð og hlaut að verða litið, enda ekkert afl í því að hafa hin dreifðu skjalasöfn saman. Og svo stóð fram til 1899, að jeg var skipaður fyrir safnið. Á þessu tímabili höfðu einstöku menn verið látnir skrásetja litla hluta einstakra deilda safnsins, og um hrið hafði þá elsti hluti biskupsskjalasafnsins verið látinn í geymslu hjá landsbókasafninu, og var þá vel dyttað, á alveg bókbandslegan hátt, að nokkrum hluta þess af nötnum þrifamanni, sem þá var aðstoðarmaður við bókasafnið. En að öðru leyti voru afskifti bókasafnsins af opinberum skjölum vorum óheppileg.

skilningslítil og skeytingarlítil. Á þessu tímabili tók bókasafnið þann upp að fara að auglýsa eftir opinberum skjölum. En hvernig fór með það, sem því barst af því tægi á þessum árum og áður? Það var látið lenda þar í bókasafninu, sem hendingin bar það að landi, sett inn í safnið á við og dreif á tætingi, svo að það var ófinnanlegt, nema með stökustu fyrirhöfn; fyrri partur sömu skjalabókarinnar stundum á einum stað og síðari hlutinn fjarri á öðrum, áriðandi og merkileg eignaskjöl kirkna stundum bundin inn með ónýtu rusli, sem engum datt í hug að skoða. Mjer varð því stundum leit úr slíkum skjölum, og var oft-sinnis búinn að margkrefja klerkana um þvilik skjöl, sem jeg vissi, að höfðu fylgt kirkjunum, og engin skil getað fengið, áður jeg svo fyndi þau í þessum sambandshaugum bókasafnsins. Part vantaði í brjefabók Guðbrands biskups í skjalasafninu, sem mjer var grunur á, að borist hefði inn í bókasafnið (1898) með handritum úr dánarbúi manns eins hjer í bæ. Nokkru eftir aldamótin síðustu fann jeg svo bókarpart þenna af hendingu, nýbundinn inn með sálmarusli og öðrum þvættingi í bókasafninu, þar sem engum gat til hugar komið að leita jafnmerkilegra hluta. Það, sem hjer hefir verið talið, er að eins tekið fram sem dæmi, en það skiftir hundruðum, sem búið var að rugla inn í bókasafnið á svipadán hált og tína varð saman og koma á rjettan stað í skjalasafninu, þar sem það er oftast auðfundið með einu handarviki. Og þessu starfi er engan veg enn til hlítar lokið, þótt stórstefin sje nú úrfeld. Þess skal getið, að nú hin síðari árin hefir núverandi landsbókavörður stundum bent mjer til gagns á slíka hluti, sem borist hafa bókasafninu, en eiga heima í skjalasafninu, og verið greiður á að láta þá af höndum, enda hefir skjalasafnið gamla landsstjórnarúrskurði fyrir sjer, til að fá slíka hluti sjer afhenta. Þá var lítið svo á, að söfnin skyldi vera gersamlega aðskilin.

En blindni bókasafnsins um opinber gögn hefir þó stundum verið enn lakari en þetta, sem nú hefir verið talið, og jeg get ógerla vitað, hve mikið skaðræði hefir verið því samfara. Bókasafnið var of hirðulaust að sjá við glötun merkilegra hluta, er því bærust. Laust eftir síðustu aldamót fann jeg af tilviljun í kassa þeim, er bókaverðir köstuðu í blaðarusli, sem bera skyldi á haug eða brenna, í annað skiftið part af veðmálabók Alþingis hins forna og í hitt skiftið dómabók yfirrettarins gamla við Öxará, og var hvorutveggja ætlað á hauginn eða í eldinn að fara. Hvorttveggja þetta ætla jeg, að til bókasafnsins hafi borist (1898) með dánarbúi því, er jeg nefndi fyr. Ekki verður sagt, hvort annað eða hve margt kann að hafa farið þá för af merkum hlutum í bókasafninu á þeim árum.

Jeg hefi ekki fjölyrt um þetta af löngun til að gera mönnum hneysu, en jeg hefi neyðst til að koma við þetta efni til þess að sýna fram á, að reynslan mælir ekki með því, að skjalasafnið hefði nokkurn tíma verið, nje verði nokkru sinni, sett undir sameiginlega stjórn með bókasafninu.

Á þinginu 1899 var mál það til meðferðar að setja fastan skjalavörð við skjalasafnið og veita nokkurt fje til þess. Stakk þá einn maður í fjárlaganefndinni, sem þá var einnig í stjórnarnefnd landsbókasafnsins, upp á því, og sótti það fast, að skjalasafnið væri lagt undir bókasafnsnefndina. En það fór svo, að þetta var virt þeim manni til hgegómagirni, og var að engu haft í þinginu, svo sem fásinna. Svo mikil fjarstæða þótti það þá, að skjalasafnið og bókasafnið væri undir einni stjórn.

Þegar verið var að gera undirbúning að byggingu Safnahússins 1905

kom það til álita, hvað hugsast kynni sameiginlegt um það efni með bókasafninu og skjalasafninu. Varð niðurstaðan þá sú í fyrirkomulagi hússins, að með söfnum þessum gæti ekkert sameiginlegt verið, annað en fatageymsla handa þeim, er kæmu til að nota þau. Legg jeg hjer með þessu brjefi tvö skjöl þar að lútandi, hinni háttvirtu nefnd til athugunar. — — — Með frumvarpi þessu er farið alveg í öfuga átt við það, sem aðrir gera. Árið 1886 — jeg ætla jeg fari með rjett ártal — gerðu Danir stjórnarráðstöfun um það, að öll opinber skjöl og embættabækur, er borist hafði smámsaman hinni gömlu, miklu bókhlöðu konungs, skyldi tekin úr vörslum bókasafnsins og undan stjórn þess og flutt í rikisskjalasafnið og undir stjórn þess. Er mjer þetta gerkunnugt, því að jeg horfði sjálfur á, þegar nokkuð af þeirri afhendingu fór fram. Svo láta þeir, sem vit hafa á, sjer ant, um að aðskilja bókasöfn og skjalasöfn.

Geta má þess, að væri það glappaskot gert nú að leggja skjalasafn vort undir yfirstjórn landsbókavardar, yrði handritasafn það, sem undir eftirliti hans lægi, — með því, sem bókasafnið á nú þegar fyrir, — margfalt að stærð við handritasöfn þau, sem nú fylgja nokkru bókasafni, að minsta kosti á Norðurlöndum. Auk þess vaxa skjalasöfn árlega margfalt á við önnur handritasöfn, og þurfa alt aðra meðferð.

Að *skjal* skuli eftirleiðis heita *bók* og *skjalasafn* heita *bókasafn*, sýnist mjer tæplega svo áriðandi breyting á tungu vorri, að það geti verið nein veruleg meðmæli með þessu frumvarpi. Ekki sýnist mjer heldur sú málsnild felast í heiti því »Landsbókasafn Íslands«, að það borgi sig málvegurðar vegna að leggja niður »Þjóðskjalasafn Íslands« til þess að koma því undir þetta »Landsbókasafns Íslands«-heiti.

Og þó að einhverjum kynni að þykja það skemtilegt og ánægjulegt að láta menn vita það afdráttarlaust, að landið eigi ekkert skjalasafn sögu sinnar nú, þegar það er orðið fullvalda ríki, í orði kveðnu að minsta kosti, sýnist mjer það þó varla svo mikils virði, að vert sje að eyða í það eitt löngum degi, dýrum pappír og háum launum, að afmá nafn Þjóðskjalasafns landsins. Ef allsherjarskjalasafn landsins hefði ekki enn verið komið hjer á fót sem sjerstök stofnan, býst jeg við, að flestir skynbærir menn hefði litið svo á, að þá hefði einmitt nú átt að koma þeirri stofnun á, jafnhliða fenginni viðurkenningu um fullveldi vort.

Það er afturför að frumvarpi þessu, hvornig sem á það er litið. *Landsbókavardar* embætti *Íslands* það yfir báðum söfnunum, sem með því á að stofna, hlýtur að verða blátt áfram skaðlegt. Það verður nokkurskonar aðgerðalítill og hjegómleg kollhúfustaða, til að sýnast, en ekki vera, ónýtt og skaðleg báðum söfnunum, og því, sem á að launa hana með, verður því varpað út í eyðslu til ónýtis og skaðræðis, því að eftirlit og umsjón verður verri en ella beggja megin. Uppástunga þessi er auk þess ekki sem rjettlátust. Mjer sýnist ekki, að launa eigi fyrir það að sýnast en ekki vera. Það á að launa þeim, sem verkin vinna, en ekki hinum. Verður er verkamaðurinn launanna.

Í hið nýja fyrirhugaða embætti mundu auðvitað fást nógu margir óhæfir, en enginn, sem hæfur sje.

Ef það slys eða glappaskot hefði viljað til, að þessi tvö söfn, þjóðskjalasafnið og landsbókasafnið, hefðu verið sameinuð undir eins manns yfirstjórn áður, þá hefði einmitt þurft að aðskilja þau nú.

Ef það glappskot væri nú gert, að sameina þau, þá mundi innan skamms verða að aðskilja þau aftur.

Söfnin eiga að vera alveg aðskilin, og hvort þeirra á um sig að hafa sinn sjerstaka yfirmann«.

Og í álitu landsbókavarðar segir svo:

»Vel má vera, að sú sameining safnanna, sem var ósjálfrátt að myndast á næstsíðasta tug 19. aldar, hefði orðið notadrjúg til frambúðar, en nú eru bráðum 20 ár síðan Landsskjalasafnið var stofnað, og á þessum árum hefir Landsbókasafnið því nær tvöfaldast og Lands- (Þjóð)skjalasafnið margfaldast undir stjórn hins ötula og sjerfróða formanns þess, og hvort hefir gengið sína götu, að mestu afskiftalaust hvort af öðru, svo að mál þetta horfir nú nokkuð öðruvísi við en það gerði í upphafi. Menn, sem hafa vanist skjalastörfum, og reynst þar ágætlega, eru þar með ekki sjálfsgóðir að vera góðir bókaverðir, með því að störfin eru mjög sitt með hvorum hætti, eins og leiknir bókaverðir geta orðið ljelegir skjalaverðir. Annað starfið er einhæft, og til þess útheimtist sjerstakur fróðleikur og sjerstakir hæfileikar, hitt svo marghæft, að í stórsöfnum erlendis eru margir sjerstakir menn fyrir margar sjerstakar deildir, sem þeir hafa eingöngu til starfrækslu, og reynir því mjög á fjölhæfni manna í smærri söfnum, sem hafa fáum mönnum á að skipa, svo að ekki er hægt að sundurliða störfin. Að vísu er gert ráð fyrir því í athugasemdum við frumvarpið, að skjalavarðarembætti verði skipað þeim einum, sem geti bætt úr sjerþekkingarskorti landsbókavarðar, og er það að vísu mikil bót í máli, en þó er það jafnan varúðarvert og mörgum hvítleitt að þurfa að sjá með annara augum og skera úr málum eftir annara sögu-sögn í stað eigin reyndar. Hins vegar er það stór kostur við frumvarp þetta, að því er Landsbókasafnið snertir, að starfræksla þess út á við mundi eftir því geta orðið miklu betri og fullkomnari en nú er kostur á, því að mjer skilst svo, að auk yfirumsjónar við söfnin og reikningshalds við þau, muni aðalstarf landsbókavarðar verða brjefaviðskifti safnanna utanlands og innan, en þau störf, einkum hin útlendu brjefaviðskifti Landsbókasafnsins, munu fara sívaxandi og áriðandi að þau sjeu vel af hendi leyst. Aftur á móti mundi hann losna við ýmisleg bein vinnustörf inni fyrir í safninu, sem landsbókavörður hefir hingað til haft á hendi, svo sem að halda innritunarbókina (accessions-bók), semja ritaukaskrá, annast prentsmiðjuskil, bókapantanir o. fl.

Sá maður, sem tækist þenna starfa á hendur, þyrfti að vera vanur safnamaður með góðri bókfræðilegri þekkingu, hafa notið góðrar skólamentunar, meðal annars í latínu og grísku, vera vel að sjer í dönsku, ensku, þýsku og frönsku, ritfær bæði á dönsku, ensku og þýsku (helst einnig frönsku) og auk þess *vel talfær* í dönsku og einhverju af aðalmenningarmálum álfunnar, helst ensku, því hana skilja flestir þeirra útlendinga, er heimsækja söfnin, og síðast en ekki síst hagsýnn maður, með skynbragði á viðskiftalífi. Jeg legg áherslu á hagsýnina, því kaupstörf safnanna koma til þessa manns kasta, og um málaþekkinguna er það að segja, að hún er fáum nauðsynlegri en manni í þeirri stöðu, sem fjallar um bækur á mörgum tungum, hefir brjefaviðskifti við útlönd, tekur á móti erlendum gestum og getur verið kallaður til að koma fram fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum bókasafnafundum í útlöndum, því að þar að mun reka, að gerðar verða einhverjar alþjóðlegar samþyktir um ýmisleg vandasöm atriði í þeim greinum, ef til vill fyr en varir.

Eftir talsverða umhugsun um þetta efni hefi jeg komist að þeirri niðurstöðu, að svo sje mikils um vert um val á manni í þessa stöðu, að undir því sje að miklu eða mestu komið, hvernig frumvarp þetta mundi reynast í framkvæmdinni, og mishepnist valið, eða ekki sje til hentugur maður í stöðuna, þá verði »ver farið en heima setið«.

Af því, sem tilfært er úr álitu þjóðskjalavörðar, verður ekki um vilst, að hann telur alt móti því, að frumvarpið verði gert að lögum, og þó að landsbókavörður vilji í álitu sínu sýnilega hliðra sjer við að veita bein svör við spurningu þeirri, er fyrir hann var lögð, þá verður þó ekki heldur um það vilst, að hann telur mörg og mikilsverð torkerki á því að fela sama manni stjórn safnanna beggja. Það skín og út úr orðum hans, að torfundinn muni vera maður, hæfur til að standa fyrir söfnunum hvorutveggja, þar sem sami maður geti verið góður bókavörður, þótt hann mundi ljelegur skjalavörður, og ljelegur bókavörður, þótt hann mundi vera góður skjalavörður. Svo mundi það og verða, ef sama manni væri falið hvorttveggja starfið, að honum mundi verða torvelt að þjóna tveim jafnólíkum herrum. Hann mundi eðlilega lítið vit hafa á nema störfum þeim, er annaðhvort safnið varða, og hitt safnið mundi hann afrækja og verða að sjá flest með annara augum. Nefndin telur það að sjálfsögðu mjög mikils virði, að hvoru þessu safni um sig sje vel stjórnað. Og eflaust mætti gera landsbókasafninu margt annað þarfara en sameina það undir sama forstöðumann sem þjóðskjalasafnið. Ræður nefndin það af erindi þriggja bókakaupa-ráðuneytisnefndarmanna til stjórnarinnar, dags. 10. apríl þ. á., að ýmsu sje ábótavant um stjórn og meðferð landsbókasafnsins, er nauðsynlegt sje að kippa í lag sem fyrst, bæði því, er saka má að líkindum forstöðumann safnsins um, og því, sem honum verður ekki sök á gefin, að svo miklu leyti sem þess er kostur. En til þess þarf vafalaust mann, er kunnugur sje skipulagi safna og sje vel vinnufær og hirðusamur, en eins og báðir forstöðumenn safnanna taka fram og nefndin fellst á, mundi torfundinn sá maður, er bæði fullnægði þeim kröfum, sem gerðar eru til forstöðumanns landsbókasafnsins, og þeim kröfum, er gera verður til forstöðumanns þjóðskjalasafnsins. Af þessum rökum, sem nú hafa rakin verið, virðist nefndinni mjög óráðlegt, að frumvarp þetta verði gert að lögum.

Um 2

Enda þótt nefndin telji sameining forstöðunnar fyrir söfnunum allskostar óráðlega samkvæmt því, sem áður er sagt, skal þó fjárhagsatriði málsins rakið nokkuð, með því að nefndin telur ekki ólíklegt, að það mundi vega nokkuð í augum ýmsra, ef það væri óv hefengjanlegt, að fjársparnað að mun mundi leiða af því, ef frumvarp þetta yrði gert að lögum.

Ef nú tekin er mannaskipun sú við söfnin, er verða mundi og verða hlyti, ef frumvarpið verður samþykkt, yrði útkoman árlega þessi (og eru launaupphæðirnar taldar samkvæmt 32. gr. launafrv. stjórnarinnar, því er nú liggur fyrir þinginu):

- | | | | |
|---|-----------------|-------------|---------------------|
| 1. Landsbókav. (forstöðum. beggja safnanna) árslaun | 4400—6000, | meðaltalsl. | 5200 kr. |
| 2. Skjalav. og bókav. árs. | 3000—4000 hver, | meðaltalsl. | 3500 hver, — 7000 — |
| 3. Þrír aðstoðarbókav. árs. | 2000—3000 hver, | — 2500 — | — 7500 — |
| 4. Aðstoðarskjalav. árs. | 2000—3000 | — 2500 | — 2500 — |

Meðaltalslauna-upphæðin á ári yrði því 22200 kr.

Ef mannaskipun þeirri, er nú er, verður haldið, mundi útkoman verða þessi:

1. Landsbókavörður 4500—5500,	meðaltalslaun	5000 kr.
2. Þrír bókaverðir 2000—3000, meðaltalsl. 2500	—	7500 —
3. Þjóðskjalavörður 4500—5500,	—	5000 —
4. Aðstoðarskjalav. 2000—3000,	—	2500 —

Laun alls 20000 kr.

Um laun landsbókavaraðar og landsskjalavaraðar skal þess getið, að nefndin hefir farið eftir því, er hún ætlar að verða muni um tillögur þær, er fram munu bráðlega koma um laun þessara tveggja starfsmanna frá launamálanefndinni. Launaupphæðin eftir frumv. yrði 2200 kr. hærri á ári en hún verður með því skipulagi, sem nú er við söfnin, og fer því svo fjarri, að landssjóði sparist gjöld, ef frumvarpið verður að lögum, heldur verður skipulag það, er þá yrði lögleitt, ofurlítið dýrara en núverandi skipulag.

Ef til vill kynni einhver að halda, að eigi þyrfti allan þann mannafla við söfnin, sem nefndin gerir ráð fyrir, ef frv. yrði samþykkt.

Litum þá fyrst á landsbókasafnið:

Bókavörður mundi hafa á hendi aðal-efirlit safnsins og umsjón með starfsmönnum þess, samning ritaukaskrár o. s. frv. Gæslu og lán bóka á lestrarsal eða útlán mundi hann ekki sjálfur annast. Á útlánssalinn og til þess að annast bókaheimtu og bókaröðun mundi að minsta kosti þurfa einn mann, eins og nú er, og annan þyrfti stöðugt til afgreiðslu og gæslu á lestrarsal, eins og nú er. Þriðja fastan mann við safnið myndi enn fremur þurfa til gæslu á lestrarsal og til að annast störf þau, er vinna þyrfti daglega og hinir geta ekki komist yfir. Kvarta bókaverðir á safninu nú mjög um vöntun á starfskröftum við safnið, eins og líka má sjá af umsögn landsbókavaraðar um kærnu áðurnefndrar ráðuneytisnefndar um bókakaup. Telja þeir sjer ógerning að komast yfir þau verk, sem daglega þarf þar að vinna, með þeim starfskröftum, sem þar er á að skipa.

Og kemur þá að þjóðskjalasafninu:

Það virðist varla þurfa að taka það fram, að skjalavörður þar mundi, ef frv. verður að lögum, að eins rækja þau störf, sem þjóðskjalavörður innir nú af hendi. Til aðstoðar á því safni þyrfti annan mann eftir sem áður, sem undir umsjón skjalavaraðar annaðist röðun og umbúnað skjalanna, afgreiddi þá, er nota þurfa safnið, leitaði í skjölum þess að upplýsingum, er einstakir menn eða hið opinbera þarf að fá um ýms málefni, svo sem skirnarvottorð, upplýsingar um verustaði þurfalinga, er oft kosta miklar leitir, upplýsingar um laudamerki, jarðagögn o. s. frv., er langa leit verður oft að gera að og mikinn tíma tekur. Ef starfsmenn væru færri með nýja fyrirkomulaginu en hjer hefir verið, talið, mundi fyrst og fremst alls ekki verða úr því bætt, er mörgum þykir á skorta um hirðu og annað skipulag landsbókasafnsins. Og i annan stað mundi Þjóðskjalasafnið bráðlega komast i vanbirðu, sem landinu yrði til vansa og gerði almenningi ókleift að hafa þau not af því, sem hann á heimtingu á og vera þarf.

Þar sem frv., eins og áður er sagt, hefir i för með sjer að áliti nefndar-

innar gagngerða ókosti og það mundi auka launagjöld landssjóðs, telur nefndin einsætt að ráða háttv. deild frá að samþykkja það.

Alþingi, 9. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
formaður og framsögumaður.

Stefán Stefánsson,
fundaskrifari.

Pjetur Þórðarson.

Jörundur Brynjólfsson.

Einar Jónsson.